



Starfspróunaráætlun Ingunnarskóla

Starfspróunaráætlun

2026-2030





Starfsþróun kennara

Hverjum skóla er skylt að gera starfsþróunaráætlun. Tími til starfsmenntunar markast af samningsbundnum **102 klst.** á ári til endurmenntunar og eða aukins undirbúnings kennara.

Úr kjarasamning:

Tími til starfsþróunar markast af samningsbundnum 102 klst. á ári til símenntunar og undirbúnings kennara. Starfsþróun, sem hluti af 102 klst., er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi við kennara.

Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti:

- Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig.
- Skólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu á grundvelli sjálfsmats skóla og starfsmannaviðtölum.

Starfsþróunaráætlun skal kynnt kennurum

- Kennurum ber að gera skólastjóra grein fyrir þeim þáttum í starfsþróun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.
- Kennurum er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á skv. starfsþróunaráætlun skóla, enda sé hún gerð skv. ákvæðum kjarasamnings og kennurum að kostnaðarlausu.
- Endanleg ákvörðun er í höndum skólastjóra.



Starfsþróun starfsfólks

Starfsfólk á að gera skólastjórnendum grein fyrir þeim þáttum í starfsþróun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á skv. starfsþróunaráætlun skóla, enda séu þau á vinnutíma eða starfsþróunartíma og starfsfólki að kostnaðarlausu.





Ferlið við gerð starfspróunarætlana

Starfspróunaráætlun

2026-2030

Undirbúningur: Starfsfólk íhugar eigin þörf á starfspróun, skráir og skilar inn óskum til skólastjóra. Í kjölfarið eru sameiginlegar þarfir ræddar á starfsmannafundum. Skólastjórar skilgreina þörf á starfspróun fyrir starfsfólk út frá þróunaráætlun skólans.

Starfsmannafundur: Skólastjórar taka saman niðurstöður og í framhaldi af því skilgreina þeir áherslur og áætla þörfina fyrir starfspróun skólans /hópa/ einstaklinga. Niðurstöður kynntar á starfsmannafundi. Almenn umræða.

Mat: Skólastjórar minna starfsfólk á skráningu starfspróunar á miðju ári og meta árangur í lok skólaárs. Í starfsmannaviðtölum taki starfsmenn skriflegt yfirliti yfir starfspróun ársins.

Umsjón skólastjóri og aðstoðarskólastjóri

Starfsmannasamtal: Skólastjórar ræða við starfsmanninn um hugmyndir hans um starfspróun og óska eftir fleiri tillögum. Áætlun starfsmannsins er skráð.

Fræðsla og eftirfylgni: Starfsmaður fylgir eftir áætlun, óskar eftir skráningu og þátttöku þegar við á og skráir eigin símenntun. Skólastjórar veita aðstoð og stuðning og tryggja að sameiginleg fræðsla eigi sér stað.

Úrvinnsla: Skólastjórar taka saman heildaráætlun skólans. Heildaráætlun sett á vefsíðu skólans. Hver og einn starfsmaður ber ábyrgð á að skrá eigin starfspróun og halda utan um.



Leikreglur um framkvæmd starfspróunar

Starfspróunaráætlun

2026-2030

- **Ábyrgð skólans:** Skólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu starfspróunaráætlana. Aðstoðarskólastjóri og aðrir stjórnendur eru skólastjóra til aðstoðar.
- **Ábyrgð starfsmanna:** Starfsfólk er ábyrgt fyrir eigin starfspróun, þ.e. að koma auga á tækifæri til að bæta kunnáttu og hæfileika. Það tekur virkan þátt í gerð eigin starfspróunaráætlunar, fylgir henni eftir og óskar eftir aðstoð ef þörf krefur. Það tekur einnig virkan þátt í gerð starfspróunaráætlunar skólans. Starfsfólk getur beðist skriflega undan að sækja námskeið út frá áherslum starfspróunaráætlunar skólans.
- **Tímasetningar:** Undirbúningur starfspróunaráætlunar skólans er á vorönn.
- **Tími til starfspróunar:** Tími til starfspróunar ræðst af þörfum og fjármagni hverju sinni. Kennarar hafa allt að 102 stundir til starfspróunar (og viðbótar undirbúnings) á ári og annað starfsfólk a.m.k. 16 stundir á ári.
- **Jafnræði til náms:** Reynt verður að jafna tækifæri til starfspróunar hverju sinni en einnig verður tekið tillit til þátttöku starfsmannsins á fyrri árum.





- **Endurskoðun:** Gert er ráð fyrir að starfspróunaráætlun starfsfólks sé í stöðugri endurskoðun og geti breyst m.a. eftir aðstæðum, framboði og verkefnum hverju sinni.
- **Tilbúin starfspróunaráætlun:** Starfspróunaráætlun skólans er hægt að nálgast á vefsíðu Ingunnarskóla.
- **Framhaldsnám:** Framhaldsnám á sviði kennslufræða/stjórnunar (eða á sviði sem skólastjóri metur að tengist beint starfi viðkomandi) er styrkt af skóla með þeim hætti að starfsmanni er gefið leyfi á launum til að sækja staðbundnar lotur að hámarki í 6 daga. Í þeim tilfellum sem kennari sækir sér nám á háskólastigi sem nýtist í starfi er æskilegt að skólastjóri heimili kennara að nota hluta þeirra 102 klst. sem ætlaðar eru til starfspróunar / viðbótar undirbúnings kennara til námsins.
- **Sótt um námskeið:** Starfsmenn sækja um námskeið til skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra í starfsmannasamtölum en einnig á öðrum tíma ef þurfa þykir. Forgangsraðað verður í samræmi við áherslur skólans og fjármagn.





Menntastefnan byggir á fimm grundvallarþáttum:



Félagsfærni - Samfélagsleg ábyrgð og virkni

Með félagsfærni er átt við hæfningu til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, selja sig í spor annarra og sjána öðrum góðvild og virðingu. Félagsfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogaþæfni. Félagsfærni þraskast öðru fremur með þátttöku í virku, lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sjána hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig verður barnið virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir.



Sjálfsþing - Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu

Sjálfsþing felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að selja sér markmið og fylgja þeim eftir. Sjálfsþing byggir á sjálfsga og þrautseigju. Skýr og sterk sjálfsmynd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar ábyrgðar ákvarðanir, takast á við móttæli og lífa í sátt við aðra. Sjálfsþing og samskiptaþæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, líðan, námsárangur og árangur í lífinu.

<https://menntastefna.is/um-mennt>



Læsi - Þekking og skilningur á samfélagi og umhverfi

Með læsi er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýnni hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og tákni. Í viðtækri merkingu visar hugtakið einnig til læsis á öllum málum, umhverfi, hegðun og aðstæður. Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst með máluppeldi barna við fæðingu. Góð læsisfærni á íslensku er lykillinn að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi.



Sköpun - Skapandi hugur og hönd

Sköpun er margslungið ferli sem í grunninn byggist á forvitni, skapandi og gagnrýnni hugsun en líka á þekkingu, frumkvæði og leikni. Sköpun nær flugi þar sem áskoranir eru fjölbreyttar spurningar eru opnar lausnir margar og áhersla er lögð á framkvæmdina og sýnileika hennar. Í gegnum sköpunarferlið verður til eitthvað sem hefur gildi fyrir barnið sjálft, næsta umhverfi og/eða samfélagið.



Heilbrigði - Heilbrigði, lífstill og velliðan

Undir heilbrigði falla meðal annars lífs- og neysluverjur líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg velliðan. Hugmyndir um heilbrigði hafa þróast með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama, náttúrulegu og félagslegu umhverfi og áhrilum efna og færðu. Í hnotskurn má segja að sú einstaklingur sé heilbrigður sem hefur tileinkað sér heilbrigðan lífstill og öðlast færni til að standa vörð um eigið heilbrigði. Velliðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi.



Meginmarkmið

Meginmarkmið stefnunnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs.

Unnið verður að því að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri. Börnin lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru. Þau sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífsstíl.

Menntastefnan byggir á fimm grundvallarþáttum: félagsfærni, sjálfsþing, læsi, sköpun og heilbrigði.



Helstu áherslur og markmið

Kennarar

Fagmennskuteymi

Reglulegir mats- og fagmennskuumræðufundir og umbótaáætlun

Bekkjarfundir - Lífsleikni kennsluáætlun

Áætlun á næstu skyggnu

Fjölbreyttar leiðir í námsmati - Leiðsagnarnám

[Uppfærð aðalnámskrá – Lykilhæfni – Menntastefna Reykjavíkur](#)

Leiðsagnarnám / Mentor / GoogleClassroom

Þróunarstarf – Leiðsagnarnám í skapandi starfi

Áframhaldandi þróun með áherslu á vaxandi hugarfar og árangursríkar leiðir

Nemendastýrð viðtöl í öllum árgöngum

Læsi – Áhersla á að meta árangur með áherslu á að byggja upp metnað nemenda

Einstaklingsmiðað nám og fjölbreyttir kennsluhættir

Fjölbreyttir kennsluhættir með áherslu á skapandi starf og stöðvavinna (áframhaldandi þróun)

Þróun sköpunarsmiðja og skipulag rýma – **Austur-Vestur** / Námsumhverfið / Tæki og gögn

Upplýsingatækni

Áhersla á þróun upplýsingatækni á öllum stigum, **Grósku verkefni**, Google Classroom, sköpunarsmiðjur, Mixið og fl.

Kennslusáætlun / Skólanámskrá / Aðalnámskrá

Góð samskipti - Uppeldi til ábyrgðar - Núvitund

Jákvæð samskipti og aukin núvitund. – Uppeldi til ábyrgðar

Aukið nemendalýðræði og framúrskarandi skólabragur

Áhersla er á aðferðir sem ýta undir jákvæð samskipti og vinnusemi nemanda

Umhverfisvernd og heilsuefning

Áhersla á umhverfismál og heilsuefningu – Núvitund og andleg líðan.



Áætlun í fagmennskuteymi í hverfinu

2022-2023

2.2. Árangur náms



2.6. Ábyrgð og þátttaka



2023-2024

2.1. Inntak og námskrár

1.2. Faglegt samstarf og samræða

2024-2025

2.3. Gæði kennslu

1.4. Umbætur og innleiðing breytinga

2025-2026

2.4. Skiplag náms

1.3. Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

2026-2027

2.5 Námsvitund


1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

1.5. Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir .

2027-2028

1.1. Samvirkni í stefnumótun

1.7. Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks





Áætlun vegna 102 stunda kennara þ.e. utan skólatíma og/eða vinnuramma

Starfsþróunaráætlun

2026-2030

Námskeið - þróunarstarf	Fjöldi klukkustunda	Námskeið	Fjöldi klukkustunda
Námskeið SFS / RVK Námskeið 10.-14 ágúst 2026-2030. Vinna á skólaárinu utan hefðbundins vinnutíma.	Námskeið 12 klst.	<i>Þau námskeið og þróunarstarf sem eru innan daglegs vinnuramma teljast ekki sem hluti af 102.</i>	.
Vinna við leiðsagnarnám og Austur/Vestur, Mix þróunarstarf, uppfærð aðalnámskrá og menntastefnu Reykjavíkur utan hefðbundins vinnutíma →	34 klst.	- Námsmat - leiðsagnarmat - Fjölbreyttir kennsluhættir - Upplýsingatækni - Skapandi starf - Skólanámskrárvinna - Góð samskipti – Uppbygging sjálfsaga - Umhverfismál - Læsi - Heilsuefling → → → → →	→ Innan vinnuramma
Fjölbreyttir kennsluhættir, upplýsingatækni, skapandi starf, uppbygging sjálfsaga og núvitund. →	24 klst.	Námskeið samtals →	70 klst. sem allir eiga að sinna. Kennarar velja það sem upp á vantar eftir áhuga og þörfum.
		Undirbúningur kennslu utan starfstíma skóla og námskeið að eigin vali →	Það vantar þá 32 klst. miðað við 102 símenntunartíma.

Viðbótarnámskeið sem kennarar velja sér t.d. í ágúst eru því barna til viðbótar



- Fræðsla um hvernig bregðast meggi við krefjandi hegðun, skapa traust og hvaða verkfæri hafa reynst vel.
- Námskeið í íslensku fyrir erlenda starfsmenn á starfstíma
- Aðferðir uppbyggingar sjálfsaga – grunnnámskeið og styttri kynningar
- Námskeið og kynningar sem ákveðin eru í samræmi við þarfir og aðstæður hverju sinni



12



Stjórnendur og starfsfólk er hvatt til að tengja saman formlega og óformlega fræðslu til að öðlast tilætlaða hæfni.

Sem starfsþróun flokkast:

- Námskeið á vegum skólans eða annarra viðurkenndra aðila
- Skipulagðir leshringir með skilum á neti skólans og/eða kennarafundi
- Örnámskeið og kynningar á fundatíma kennara (telst ekki hluti af 102 tímunum en skráist sem símenntun).
- Umbóta- eða þróunarverkefni (telst ekki hluti af 102 stundunum nema sérstaklega sé um það samið og verkefnið er þá unnið utan vinnutíma, **Mixið** er dæmi um þróunarstarf sem búið skilgreina undir 102 tímama.)
- Framhaldsnám (sjá nánar leikreglur um framkvæmd símenntunar).





Fjármögnun starfspróunar 2026-2030

Starfspróunaráætlun

2026-2030

Valkostir:



Skólinn



Starfspróunarsjóðir



Styrkir




Starfsmaðurinn

Skóli greiðir 100% Vinnustaður greiðir laun starfsmannsins og þáttökugjöld	Skóli og starfsmaður skipta kostnaði á milli sín	Starfsmaður fjármagnar starfspróunun sjálfur
Starfstengd, ósk stjórnandans og þátttaka er innan/utan vinnutíma Stundum starfstengd en ekki forgangsmál – þátttaka í vinnutíma.	Starfstengt en ekki forgangsmál – þátttaka innan eða utan vinnutíma. Hugsanlega starfstengd, ósk starfsmannsins og utan vinnutíma. Samkomulag stjórnanda og starfsmanns.	Óljós eða engin tengsl við núverandi eða framtíðarstarf hjá vinnuveitanda.



Staðfesting og skráning

- **Við formlega fræðslu** (t.d. námskeiðahald) er tíma fjöldi kennslu í viðurvist leiðbeinanda eða kennara skráður. Undirbúningur á milli námskeiðsdaga er skráður hafi slíkt verið ákveðið fyrir fram.
- **Við óformlega fræðslu**, þátttaka í t.d. skipulögðum leshringjum, þróunarverkefnum er skráður ákveðinn heildartíma fjöldi.
- Skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri veita aðstoð við **útreikninga** ef starfsmenn eru í vafa.





- **Skráning og staðfesting:** Það er ábyrgð starfsmanns að skrá starfsþróun og sýna fram á að henni sé lokið en skólastjóra að staðfesta hana. Starfsmaður skal skrá starfsþróun á þar til gert eyðublað og kynna fyrir stjórnendum í starfsþróunarsamtali.
- **Matshæfni:** Matshæf starfsþróun er símenntun sem var samþykkt af starfsmanni og stjórnanda.
- **Mat og eftirfylgni:** Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri munu meta hversu vel starfsfólki hefur tekist að uppfylla kröfur í áætlunum þeirra.

